

## UMRÆÐAN

## Nýr spítali öllum til góðs

Magnús Pétursson fjallar um starfsemi LSH og byggingu nýs spítala

Það hefur ekki farið fram hjá landsmönnum að Landspítali – háskólasjúkrahús hefur á fimm árum náð að festa rætur í samfélaginu og hafa þessi ár verið tímabil mikilla breytinga. Starfsmönnum, stjórnmalámonnum og almenningi hefur eðlilega sýnst sitt um þær.

## Bygging nýs spítala

Merk tímamót urðu á þessu ári þegar stjórnvöld ákváðu byggingu nýs sjúkrahúss fyrir landsmenn. Líklega hefur náðst almennari og betri sátt um sölu Símans en ella með því að ákveðið var að verja stórum hluta andvirðis hans í almannaþágu. Það er gríðarlega þarft verkefni fyrir alla landsmenn að reistur skuli nýr spítali enda fallast langflestir á að núverandi húsakostur spítalans sé langt frá því viðunandi. Aðstaður sjúklinga og aðstandenda eru víða lakar og uppþylla alls ekki væntingar fólks í nútíma samfélagi. Fjölbýli á sjúkrahúsum er til dæmis barn síns tíma. Þá fylgir mikið óhagræði að reka starfsemi á nærri tuttugu stöðum á höfuðborgarsvæðinu og sumar byggingarnar eru jafnvel frá fyrri hluta síðustu aldar. Með sameiningu meginhluta starfsmanna undir eitt þak má bæta reksturinn um 8–12%. Það eru miklir peningar af heildarveltu sem er yfir 25 milljarðar. Þetta er reynsla annarra þjóða.

Þær raddir heyrast að önnur samfélagsverkefni séu brýnni en bygging nýs Landspítala, s.s. að leysa vistunarmál aldrara og huga betur að forvörnum vegna fíkniefna. En staðreyndin er sú að hagkvæmari rekstur sjúkrahúsanna í landinu, þ.m.t. Landspítala – háskólasjúkrahúss, er mjög álitleg leið til þess að gera okkur kleift að leggja meira til þessara verkefna. Árangurinn í rekstri LSH undanfarin ár bendir ótvírátt til þess. Þá þykir sumum staða LSH yfirgnæfandi í heilbrigðisþjónustunni. Mín skoðun er eindregið sú að landsmenn eigi af fremsta megni að standa saman um að halda uppi sérfræðipækkingu og færni í heilbrigðisþjónustu sem stenst alþjóðlegar kröfur. Til þess þarf öflugt háskólasjúkrahús og við stöndum aðeins undir einu slíku í landinu.

## Árangur undanfarinna 5 ára

Stjórnvöld settu fram kröfu um hagræðingu í rekstri spítalanna í Reykjavík þegar þeir voru sameinaðir árið 2000. Ávallt má deila um árangurinn og vist er að hann hefur ekki náðst átakalaust. En það er í það minnsta staðreynd að stjórnvöld þurfa minni áhyggjur að hafa af rekstri spítalans nú en áður, samt hefur starfsemi hans aukist verulega og styrkst að flestu leyti. Fleiri sjúklingum er veitt úrlausn mála, gerðar eru flóknari aðgerðir og hvítleiðir biðlistar eru svo gott sem horfnir. Ef þetta er ekki árangur þá veit ég ekki hvað. Mér virðist því komin á harla góð sátt

við stjórnvöld og Alþingi um rekstur spítalans og viðurkennt að árangur hafi náðst. Eftirtektarvert er að starfsmenn spítalans hafa unnið þetta verk sjálfir og eiga þakkir skildar fyrir.

## Úttekt Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun birti nú milli jóla og nýárs skýrslu um starfsemi spítalans á árunum 1999 til 2004. Gerður er samanburður milli tímabíla, lýst þróun og starfsemi LSH og hún borin saman við hóp sjúkrahúsa í Bretlandi. Spítalanum hefur greinilega miðað býsna vel og staðfest er að sameiningin hefur skilað marktækum árangri. LSH hefur eflist á sama tíma og kostnaður verið haminn. Ríkisendurskoðun staðfestir að raunkostnaður hefur verið óbreyttur yfir fimm ára tímabil þótt íbúum á höfuðborgarsvæðinu hafi fjölgað um 7,2%. Árangur starfsmanna stenst fyllilega samanburð við bresku sjúkrahúsin í verði en einkum og sér í lagi gæðum þjónustunnar. Ríkisendurskoðun hefur þáð hlutverk að gera faglegar og gagnrýnar athuganir á rekstri og starfsemi opinberra stofnana. Jákvæðar niðurstöður hennar nú um LSH hljóta að vera öllum fagnaðar-efni.

## Hvað er fram undan?

Heilbrigðisþjónusta landsmanna er meira í brennidepli nú en oft áður sem er gott. Starfs- og lagaumhverfi í heilbrigðisþjónustu er í endurskoðun og brýnt að setja almennar leikreglur um samspil opinberu starfsmanna og þeirrar einkareknu. Í öðrum löndum vex skilningur á því að þar sem

Undanfarin ár hafa einkennst af umbótum í rekstri. Nú getur spítalinn snúið sér af þrótti að umbótum og framförum í lækningum og umönnun sjúkra og aðstandenda þeirra. 6

ríkar er höfðað til frelsis og framtaks einstaklingsins þurfi að leita leiða til þess að svo geti einnig verið í ábyrgð fólks á eigin heilsu og vali á heilbrigðisþjónustu. Með vaxandi velmegun aukast væntingar fólks í þessu efni og fyrirsjáanlegt er að margt af því verður ekki leyst á félagslegum grunni. Þarft er að opinber umræða um stöðu og gildi núverandi heilbrigðisþjónustu fyrir íslenskt samfélag fara fram. Mín skoðun er sú að góð grunnmenntun, almenn heilbrigðisþjónusta og aðhlyning fatlaðra og þeirra sem minna mega sín sé nauðsynleg til þess að viðhalda og styrkja innviði okkar annars ágæta samfélags.

Það er ekki að ófyrirsýnu að Landspítali – háskólasjúkrahús komi til umræðu í þessu samhengi. Spítalinn hefur leiðandi stöðu í heilbrigðisþjónustunni og því nauðsynlegt að hlutverk hans sé vel skilgreint. Það hefur vel miðað í uppbyggingu spítalans í nýrri mynd en fram undan eru vandasöm viðfangsefni. Undanfarin ár hafa einkennst af umbótum í rekstri. Nú getur spítalinn snúið sér af þrótti að umbótum og framförum í lækningum og umönnun sjúkra og aðstandenda þeirra. Samstarf við aðrar sjúkrahúsfirmin er eitt, menntun heilbrigðisstarfsmanna annað. Í nágrennalöndum okkar hefur verið sótt hratt fram að þessu leyti og svo þarf einnig að verða hér á landi. Áhrif sjúklinga á starfsemi LSH er mikilvæg, enda starfsemi í þeirra þágu. Það er eindreginn vilji spítalans að efla formlegt samstarf við samtök sjúklinga. Fyrir jólni var gengið frá samstarfssamningi við félög tauga-sjúklinga. Sá samningur var ánægjulegur vitnisburður um það að fólk er hlýtt til Landspítala – háskólasjúkrahúss og það vill taka virkan þátt í því að tryggja góða þjónustu.

Ég óska landsmönnum öllum gleðlegs nýs árs!

Höfundur er forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Hér er tillaga að því hvernig þeir sem heyrta undir úrskurð Kjara-dóms geta lægt reiðiöldur í samfélaginu þannig að úrskurðurinn komi þeim sem minna mega sín til góða. 6

Höfundur er formaður Sjálfstæðisfélagsins Baldurs í Kópavogi.

**Yfirlýsing:** Undirritaður/úð óskar eftir því við Fjársýslu ríkisins að hún leggi þann hluta launahækkunar undirritaðs sem fer fram úr meðaltals prósentuhækkun launþega innan ASÍ hverju sinni, inn á reikning eins af eftirfarandi, eða í jöfnu hlutfalli milli þeirra sem merkt er við:

- Hjálparstarf kirkjunnar
- Mæðrastyrksnefnd í sveitarfélagi undirritaðs
- Hjálparstarf Rauða krossins
- 

Óskað er eftir því að Fjársýslan upplýsi þá fjölmöla sem eftir því leita, um ákvörðun og ráðstöfun samkvæmt beiðni þessari. Ráðstöfun þessi gildir um allar hækkanir sem leiða af úrskurði Kjara-dóms frá og með desember 2005 og alla nýja úrskurði hans þar til undirritaður hættir í núverandi starfi.

Virðingarfyllt, \_\_\_\_\_  
kennitala: \_\_\_\_\_

## BRÉF TIL BLAÐSINS

Morgunblaðið Krínglunni 1 103 Reykjavík • Bréf til blaðsins | mbl.is

## Kaupmáttaraukning samsvarar 20% lækkun matvöruverðs árlega

Frá Gunnari Páli Pálssyni:

REGLULEGA heyrir maður fullyrðingar um að lækkað matvöruverð hafi skilað meiri kjarabótum til almennings í landinu en baráttu verkalyðshreyfingarinnar. Ég vil þakka það sem öflugir kaupmenn hafa gert til að lækka vöruverð en benda jafnframt á að samkvæmt mælingum Hagstofunnar verja landsmenn um 14% af neyslu sinni til matar og drykkjar.

20% lækkun á vöruverði svarar til tæplega þriggja prósentu kaup-

máttaraukningar.

Síðustu 10 ár hefur kaupmáttur launa á Íslandi hins vegar aukist um 50%. Hækkun launa hefur því skilað meiru á síðasta áratug en sem svarar til 20% lækkunar á matvöruverði á hverju ári.

Við Íslendingar virðumst líta á það sem náttúrulegum hluta að laun hækki og það jafnvel af sjálfum sér. En svo er ekki. Ef við berum okkur saman við aðrar þjóðir sjáum við að laun hafa staðið í stað í Bandaríkjunum í 35 ár, eini kaupmáttaraukningin sem almennt launafólk hefur uppskorið þar er í gegnum aukna yfirvinnu. Í hinum stóru löndum Evrópusambandsins hefur kaupmáttur meira eða minna staðið í stað síðustu ár.

GUNNAR PÁLL PÁLSSON, formaður VR.

## Flugeldasala Hjálpar-sveitar skáta í Reykjavík

Frá Agli Tryggvasoni:

HJÁLPARSVEIT skáta í Reykjavík hefur selt borgarbúum flugelda í



Egill Tryggvason

Stuðningur frá hinu opinbera felst annars vegar í niðurfellingu á aðflutningsgjöldum á ökutækjum og hins vegar í lækkun á fasteignagjöldum.

Nýjasta fjárfesting Hjálpar-sveitar skáta í Reykjavík leit dagsins ljós í desember þegar tekinn var í notkun nýr snjóbíll. Billinn leysti af hólm Eldri bíl sem þjónað hafði Hjálpar-sveitinni í 12 ár, m.a. við erfiðar aðstaður á hálendinu og á Flat-eyri. Nýi snjóbíllinn er með öflugustu björgunartækjum landsins og kemur að góðum notum við erfiðustu skilyrði.

Slíkar fjárfestingar, rekstur sveitarinnar og áframhaldandi þjónusta við borgarbúa og landsmenn alla á mikið undir því að okkur takist vel upp í flugeldasölu. Í björgunarsveitunum er unnið mikið og ósérhlífð sjálfbodaliðastarf. Gildir þá einu

hvort um er að ræða fjárfestun, æfingar eða björgunarsköf. Í þessum störfum, sem tengd eru órjúf-anlegum böndum, eru meðlimir björgunarsveitanna að gefa frítíma sinn. Björgunarsveitir á Íslandi gegna mikilvægu hlutverki í almannavörnum landins og ég held að það sé einstakt að svo stór þáttur þeirra sé unninn af einstaklingum í sjálfbodaliðastarfi.

Í ár er Hjálpar-sveit skáta í Reykjavík með átta sölustaði. Risa-flugeldamarkaður er í aðstöðu sveitarinnar að Malarhöfða 6, en svo eru einnig sölustaðir á eftirtöldum stöðum: Húsgagnahöllinni Höfðabakka, Mjódd, Glæsibæ, Húsasmíðjunni Grafarholti, Gylfaflöt, Bilabúð Benna og Spönginni Grafarvogi.

Stuðningur borgarbúa í gegnum tíðina hefur verið ómetanlegur og með því hafa þeir sýnt í verkum að þeir hafa kunnað að meta framlag Hjálpar-sveitarinnar. Ég hvet borgarbúa til að sýna stuðning sinn áfram og verki með því að fjölmenna á út-sölustaði Hjálpar-sveitarinnar um þessi áramót.

Að lokum vil ég minna á að gæta ávallt fyllsta öryggis við meðferð flugelda, fara að leiðbeiningum og nota öryggisgleraugu. Ég vil fyrir hönd Hjálpar-sveit skáta í Reykjavík þakka fyrir stuðninginn og óska landsmönnum öllum gleðlegs nýs árs.

EGILL TRYGGVASON, formaður flugeldanefndar HSSR.

## Kjaradómur

Þorsteinn Halldórsson fjallar um úrskurð Kjara-dóms

MARGT hefur verið rætt og ritað um nýlegan úrskurð Kjara-dóms vegna þeirra sem heyrta undir úrskurði hans. Hér er tillaga að því hvernig þeir sem heyrta undir hann geta lægt reiðiöldur í samfélaginu þannig að úrskurðurinn komi þeim sem minna mega sín til góða.

## 3 flugur í einni undirskrift

Með því að undirrita yfirlýsingu þá sem fylgir með greinarstúf þessum og senda hana til Fjársýslu ríkisins vinnst þrennt: viðkomandi samsamar sig með flestum öðrum launþegum þjóðarinnar, gerist miskunnsamur Samverji og í þriðja lagi lægir þær reiðiöldur sem risið hafa hátt meðal þjóðarinnar og skapar vonandi þann frið sem við þörfumst svo mjög á vinnumarkaði. Í stað þess að breyta lögum um Kjaradóm, þá skulum við vona að forystumenn þeir sem hafa talað hvað hæst um að úrskurður þessi sé hin mesta óhæfa, sameinist um að snúa þessu til góðs. Beiðni sem



Þorsteinn Halldórsson

þessi er leyfileg hverjum þeim sem vilja, og munu kjósendur vafalaust fylgast með hverjum og einum kjörinna fulltrúa sinna í þessu sambandi.

Minnust orða Frel-sarans í Matteusarguð-spjalli „það allt, sem þér gjörðuð einum minna minnstu bræðra, það haf- ið þér gjört mér“. Gangið á undan með góðu for- dæmi, kæru landar.

Höfundur er formaður Sjálfstæðisfélagsins Baldurs í Kópavogi.

*Disch...*  
Ýmislegt áhugavert fyrir safnara  
Borðstofuhúsgögn  
Stakir skápar  
Síðumúla 34 - sími 568 6076

**Quiznos SUB**  
MMMM... GLÓBÁÐUR  
Salat með heitu kjöti  
og Topp - 679 kr.  
Lækjargata 8  
Suðurlandsbraut 32

Gler og gjafavara  
LAURA ASHLEY  
FAXAFENI 14 S.5516646  
WWW.LAURAASHLEY.COM

**AUGLÝSINGAÐEILD**  
netfang: augl@mbl.is eða sími 569 1111